

L Ö G

24

23. apríl

um breyting á lögum nr. 25 1955, um breyting á lögum nr. 23 1953,
um leigubifreiðar í kaupstöðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

1. málsl. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutað-eigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, að takmarka fjölda leigubifreiða í kaupstöðum og þeim kaптúnum, þar sem íbúar eru 700 eða fleiri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 25 1955 inn í lög nr. 23 1953 og gefa þau út svo breytt, með fyrirsgninni: Lög um leigubifreiðar í kaupstöðum og kaптúnum.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

25

24. apríl

um vísitölu byggingarkostnaðar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna vísitölu byggingarkostnaðar, er sýni breytingar hans frá 1. október 1955. Vísitala þessi skal reiknuð út þrisvar sinnum á ári, miðað við verðlag í Reykjavík í febrúarmánuði, júnímánuði og októbermánuði, og gildir hver vísitala í 4 mánuði frá 1. marz, 1. júlí og 1. nóvember að telja.

Nú er svo fyrir mælt í lögum, að váttryggjandi húsa skuli breyta váttryggingar-verði þeirra eftir vísitölu byggingarkostnaðar, og skal þá sú vísitala, sem er í gildi við byrjun viðkomandi váttryggingartímabils, ráða brunabótaverðinu allt tímabilið.

25

24. apríl

2. gr.

Visitölur byggingarkostnaðar eftir 1. október 1955 skulu tengdar við eldri visitölur, reiknaðar út samkvæmt lögum nr. 87/1943, með því að margfalda hinar fyrr nefndu með tölunni 9.69. Hagstofan getur að öðru leyti úrskurðað um vafaatriði, er kunna að koma í ljós í sambandi við tengingu nýju visitölunnar við hina eldri, þar á meðal um það, hvernig vátryggingarverð húsa utan Reykjavíkur skuli ákveðið á grundvelli nýju visitölunnar haustið 1957.

3. gr.

Við ákvörðun á söluverði íbúða til samræmis við visitölu byggingarkostnaðar samkvæmt 8. tölulið 6. gr. og 1. málsg. 20. gr. í lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, skal fara þannig að:

- a. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana fyrir 1. marz 1957, þá finnst hækkun sú, sem um ræðir í nefndum lagagreinum, með því að bera visitöluna, sem í gildi er á þeim tíma, er sala fer fram, saman við byggingarkostnað samkvæmt eldri visitölunni á þeim tíma, er hlutaðeigandi fékk íbúðina. Hafi hann fengið hana á tímabilinu 1. október 1954 til 28. febrúar 1957, skal hér miða við visitölu 904 (1939 = 100).
- b. Hafi seljandi íbúðar eignazt hana eftir febrúarlok 1957, þá finnst hækkun sú, sem hér um ræðir, með því að bera visitöluna, sem í gildi er á sölutíma, saman við visitölu þess tímabils, er hlutaðeigandi fékk íbúðina.

4. gr.

Hagstofan skal, í samráði við húsameistara ríkisins, láta fara fram athugun á því á 10 ára fresti, hvort byggingarhættir hafi breytzt svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll visitölu byggingarkostnaðar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal vísitala samkvæmt hinum nýja grundvelli fyrst reiknuð út miðað við verðlag í febrúar 1957, sbr. 1. málsg. 1. gr. þessara laga. Jafnframt falla úr gildi eða breytast ákvæði eldri laga, sem eru í ósamræmi við lög þessi, sbr. 2.—4. málsg. 9. gr. laga nr. 9 23. marz 1955, um Brunabótafélag Íslands.

Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Emil Jónsson.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.